

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Heimsþing kvenleiðtoga – Reykjavík Global Foundation.

1. gr.

Heiti.

Sjálfseignarstofnunin heitir Heimsþing kvenleiðtoga – Reykjavík Global Foundation.
Sjálfseignarstofnunin starfar skv. lögum nr. 19/1988.
Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.

Heimilisfang.

Heimilisfang stofnunarinnar er í sveitarfélaginu Reykjavíkurborg.

3. gr.

Markmið.

Markmið stofnunarinnar er að efla og auka þátttöku og völd kvenna á öllum sviðum með því að skapa vettvang og tækifæri á samtali og samstarfi um aðgerðir sem helst geta aukið jafnrétti. Stofnunin er sjálfstæð, alþjóðleg og þverpólitísk, stofnuð í þeim tilgangi að stuðla að framþróun samfélagsins með því að byggja stuðningsnet milli kvenleiðtoga heimsins, hvort sem þær starfa á sviði stjórn mála, fyrirtækja, alþjóðlegra stofnana, félagasamtaka o.fl.

Ráðstafa skal fjármunum stofnunarinnar í samræmi við tilgang hennar, t.a.m. með ráðstefnuhaldi, fræðslu, fundum, rannsóknum og samstarfsverkefnum.

Stofnuninni er frjálst að afla sér styrkja og annarra fjárframlaga.

4. gr.

Stofnandi.

Stofnandi stofnunarinnar er Hanna Birna Kristjánsdóttir, kt. 121066-5139.

5. gr.

Stofnfé.

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 1.480.000. sem lagt er fram af stofnanda, sbr. 4. gr.

Stofnfé er óskerðanlegt.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hún kann að eignast síðar. Stofnandi hefur engin sérréttindi í stofnuninni.

Hvorki stofnandi né stjórn bera persónulega ábyrgð á skuldbindingum stofnunarinnar lögum samkvæmt.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fimm mönnum til 5 ára í senn. Jafnframt skulu við kjör á aðalmönnum í stjórn kosnir tveir menn í varastjórn til sama tíma. Stofnandi tilnefnir fyrstu stjórn, en eftirleiðis mun fráfarandi stjórn við lok kjörtímabils kjósa nýja stjórn.

Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti stjórnar ráða. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar.

Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi.

Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir stofnunina. Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

Stjórnarmeðlimir fá engar greiðslur fyrir setu í stjórn, en heimilt er að greiða stjórnarmeðlimum fyrir önnur störf sín og útgjöld í þágu stofnunarinnar.

7. gr.

Fundarboðun.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórninni er heimilt að setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

8. gr.

Aðrar stjórnareiningar.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en hann fer þó ekki með atkvæðisrétt.

Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

Framkvæmdastjóra má ráða úr hópi stjórnarmanna.

9. gr.

Endurskoðendur.

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri skoðunarmenn til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

10. gr.

Reikningsárið.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

11. gr.

Breytingar og niðurlagning.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar.

Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra.

Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar einungis varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða á sviði jafnréttis.

12. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 31.mars 2023,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrímsdóttir.